

Fundargerð 4. fundar starfshóps um menntastefnu

Fundardagur: Þriðjudagur 19. mars 2019.
Fundarupphaf: Kl. 10.
Staðsetning: Krosseyri.

Mætt: Kristín María Thoroddsen og Margrét Vala Marteinsdóttir. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustunnar Fanney D. Halldórsdóttir, Jenný D. Gunnarsdóttir og Vigfús Hallgrímsson. Sigrún og geir boða forföll. Gestir eru Fríða Bjarney Jónsdóttir, Helgi Arnarson og Þorsteinn Hjartarson.

Kristín stýrði fundi.
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Mál sem rædd voru á fundinum:

1. mál: **Kynning á skólastefnuvinnu annarra sveitarfélaga.**

Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri Árborgar, kynnti vinnu við gerð menntastefnu Árborgar sem tók mið af skólastefnu sveitarfélagsins (2013-2016) og læsisstefnu (Lífið er læsi). Kynnt aðeins hugmyndafræði á bak við vinnuna, t.d. á grundvelli úttekta um skólaþjónustu sveitarfélagsins út frá snemmtækri íhlutun, lærdómssamfélagi, gæði og jöfnuður (PISA), fagauður, samvirkni, starfsþróun, samvinnunám og lærdómssamfélag, valdefling kennara og starfendarannsóknir. Fjallar mikið um skólaþjónustuna, vinnubrögð (teymi, nefndir, samstarf við utanaðkomandi aðila), námsskeið, markmið og skipulag; bæði í leik- og grunnskólum.

Helgi Arnarson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, kynnti gerð menntastefnu Reykjanesbæjar (2016 og er í endurskoðun núna) sem vinna hófst við þegar hann kom til starfa – áður í gildi frá 2001 og framtíðarsýn (stærðfræði og læsi) 2014. Gunnildin voru hugtökin samvinna, traust, fagmennska og sköpun. Menntun af því að skóli og tómstundamál eiga saman. Settur í gang undirbúningshópur sem var þverfaglegur og vann eftir ákveðinni aðferðafræði (árangursstjórnun). Unnið stöðumat (SVÓT greining), íbúaping (heimskaffi) haldið síðdegis virkan dag. Áhersla á heildarstefnu án aðgerðabindingar þar sem aðgerðabindingin væri í hverjum skóla sökum aðstæðubundinna áherslna á hverjum stað (skóla). Er hægt að gera stefnu án aðgerðabindingar?

Fríða Bjarney Jónsdóttir kynnti vinnu að gerð menntastefnu Reykjavíkurborgar 2020 til 2030 (kom út 2019 en var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur í nóvember 2018) og nefnist LÁTUM DRAUMANA RÆTAST. Kynnir aðdraganda nýs skipulags í Reykjavík og varð að *Nýsköpunarmiðju menntamála* sem Fríða Bjarney Jónsdóttir heldur utan um innan skóla- og frístundasviðs, þ.e. sameining ólíkra verkefnisstjóra í eina deild (fjölmennning, jafnrétti, upplýsingatækni, margmiðlun, menningarviðburðir barna o.þ.h.). Kynnir einnig vinnuna við gerð menntastefnunnar frá árinu 2017 með innlendum og erlendum sérfræðingum. Áherslan á lærdóm og heildarsýn á menntun frekar en áhersla á skólastarf. Það er þörf fyrir breytingar en

Þær gerast ekki hraðar en á „hraða traustins“. Settur upp ábendingavefur í Reykjavík meðan á menntastefnuvinnunni stóð. Kynnir uppbyggingu menntastefnunnar, þ.e. framtíðarsýn > 2 leiðarljós > meginmarkmið > 5 grundvallarþættir (félagsfærni, sjálfsefning, læsi, heilbrigði og sköpun). Menntastefnan er fyrirheit (a) og þá er eftir framkvæmdin (b) sem verður unnið að til ársins 2030. Unnið að innleiðingu í gegnum aðstæðubundnar aðgerðir sem fylgt er eftir miðlægt. Settar aðgerðaáætlanir til þriggja ára í senn. Kynntur þróunar- og nýsköpunarsjóður fyrir verkefnið sem úthlutar fjármagni árlega til allra skóla sem þurfa þót að skilgreina fyrirfram hvernig fjármagnið verður notað í gegnum sérstaka umsókn (A hluti). B hluti er samkeppnissjóður sem fær ¼ hluta fjármagnsins og er ætlað í stærri samstarfsverkefni sem skal hafa tengingu í rannsóknarþátt og að hámarki 10 milljónir á verkefni. Horfa á verkefni sitt í samhengi breytingarferlis frá Kotter. Kynningarfundir í gangi núna út í hverfum.

Umræða um veggina sem lent var á:

- Viðnám gegn miðlægri stefnu.
- Erfitt að ná samstöðu allra og að allir skilgreini sig sem hluti verkefnis.
- Það tekur tíma að sannfæra fólk um mikilvægi verkefna.
- Vinna hlutina í réttri röð og með samvinnu.
- Að halda stefnu lifandi er flókið verkefni og hluti þess var að prenta stefnu út.

Fleiri mál ekki rædd.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 29. mars 2019.

Fundarslit kl. 13.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson